



**Útskýringar á leiguferli KVARNA og PALLA.**  
**Þetta er nauðsynlegt að vita þegar vörur eru teknar á leigu.**

- 1) Leigutaki hefur samband eða kemur á starfstöð Kvarna og Palla að Álfbelli 9-11.
  - A) Símaleiðis í síma 564-6070:  
Afgreiðslufólk okkar mun svara eftir bestu getu eða taka skilaboð til þess sem getur betur svarað fyrirspurninni.
  - B) Með tölvupósti á [kvarnir@kvarnir.is](mailto:kvarnir@kvarnir.is):  
Afgreiðslufólk svarar eða kemur upplýsingum á réttan aðila.
  - C) Kemur á starfstöð Kvarna og Palla að Álfbelli 9-11:  
Í flestum tilfellum getur afgreiðslufólk svarað og afgreitt strax.  
Ef um stærri og flóknari afgreiðslur er að ræða getur það tekið lengri tíma.  
Vinsamlega sýnið starfsfólki skilning þar sem oft er um þungavöru að ræða.
- 2) Ef leigutaki tekur ákvörðun um að leigja varning er nauðsynlegt að fá eftirfarandi upplýsingar um leigutaka:
  - A) Fullt nafn einstaklings eða fyrirtækis.
  - B) Kennitölu leigutaka. Ef um fyrirtæki er að ræða þarf upplýsingar um fulltrúa leigutaka.  
Ath. fulltrúinn þarf að vera prókúruhafi eða hafa skriflegt samþykki prókúruhafa.
  - C) Heimilisfang leigutaka.
  - D) Símanúmer leigutaka og starfsmanns ef við á.
  - E) Notkunarstað leiguvarnings.  
Ath. leiguvarning má ekki flytja á milli notkunarstaða nema með samþykki leigusala eins og tekið er fram í leigusamningi.
- 3) Er leigutaki þegar í reikningsviðskiptum eða þarf að ganga frá ábyrgðum?:
  - A) Ef viðkomandi er í reikningsviðskiptum þá þurfa allar upplýsingar hér að ofan að koma fram í leigusamningi.
  - B) Ef viðkomandi þarf að ganga frá ábyrgðum þarf þar að auki að framfylgja eftirfarandi:
    - Fylla út þar til gert skjal svo leigusali geti aflað viðeigandi upplýsinga hjá Creditinfo um leigutaka og ábyrgðarmenn.  
Sjá "Samþykki fyrir öflun og notkun lánshæfismats".  
Ábyrgðarmenn þurfa að standast kröfur Kvarna og/eða Palla um lánshæfi.
    - Ef um fyrirtæki er að ræða þarf undirritun ábyrgðarmanna nema um annað sé samið.
    - Ábyrgðarmenn þurfa að tilgreina þá aðila sem hafa leyfi til að ganga frá leigusamningum og leiguskilaseðlum í hans nafni.**Ath. kærðu ábyrgðarmenn:**  
Ábyrgðir gilda yfir allan leigutímann þar til fullnægjandi leiguskil hafa átt sér stað og allar greiðslur hafa borist til leigusala.
- 4) Við minnum leigutaka á að fylgjast vel með gerð leigusamninga og leiguskilaseðla og passa að allt sé rétt skráð.  
**Við bendum á ábyrgð leigutaka að telja og yfirfara varning í samvinnu við leigusala.**  
Greiðsla fyrir þrif og viðgerðir á skemmdum leiguvarningi er á ábyrgð leigutaka/ábyrgðarmanna.

Afhending og móttaka leiguvarnings getur verið tímafrek og mikilvægt er að leigutaki gefi sér þann tíma sem þarf til talningar og útfyllingar skjala. Vinsamlega sýnið starfsfólki þolinmæði á meðan á afgreiðslu stendur. Borið hefur á því að leigutakar gefi sér ekki nauðsynlegan tíma og láti talningu og yfirferð á leigumunum alfarið í hendur leigusala. Vakin er athygli á að í þeim tilfellum er leigutaki að samþykkja að talningar, skráning og yfirferð leigusala séu réttar.

Við reikningagerð og leigulok er stuðst við leigusamninga og leiguskilaseðla. Því er nauðsynlegt að farið sé eftir ofangreindum tilmælum. Vinsamlega virðið opnunartíma fyrirtækisins. Ef afgreiðslur fara fram yfir auglýstan opnunartíma getur leigusali farið fram á greiðslu vegna aukins kostnaðar. Við minnum á skilmála í leigusamningi, sérstaklega er varðar sólarhrings fyrirvara á skilum þungavarnings.

Kærðu viðskiptavinir og starfsfólk Kvarna og Palla, vinsamlega fylgið leigureglum leigusala.

Virðingarfyllt,

Stjórn Kvarna ehf. og Palla ehf.